

## Setning

*Þórir Ingason  
Vegagerðinni*

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar var haldin í 7. sinn þann 7. nóvember 2008. Það voru um 170 þátttakendur skráðir til leiks.

Erindin á ráðstefnunni eru að vanda fjölbreytt og kennir ýmissa grasa. Flutt verða 19 erindi um rannsóknaverkefni sem Vegagerðin hefur styrkt og auk þess mun Dagur B Eggertsson formaður samgönguráðs fjalla um Samgönguáætlun og framtíðarþróun í samgöngumálum í lok dagsins. Fleiri sýndu áhuga á að halda erindi um rannsóknaverkefni en komast fyrir á einum degi og þetta er aðeins brot af þeim verkefnum sem unnið er að. Árlega er unnið að fleiri en 100 verkefnum. Flestum verkefnum lýkur með skýrslu og þær eru birtar á vef Vegagerðarinnar undir liðnum “Upplýsingar og útgáfa”.

Nokkur orð um rannsóknasjóð Vegagerðarinnar. Í framhaldi af því að Vegagerðin setti sér sérstaka rannsóknastefnu, voru á síðasta ári stofnaðir þrjú faghópar, skipaðir fólki innan Vegagerðarinnar, til ráðgjafar um hina fjóra meginflokka sem rannsóknaverkefnum er skipt í. Einn faghópur fjallar um mannvirki, annar um umferð og svo einn hópur sem fjallar um umhverfi og samfélag saman. Þegar lýst var eftir umsóknum um rannsóknaverkefni í upphafi ársins 2008, var greint frá áherslusviðum sem þessir faghópar höfðu lagt fram innan hvers flokks. Þetta skilaði sér í að ýmsar umsóknir bárust um verkefni með tilvísun í þessa áhersluflokka og einnig voru ákveðin verkefni skilgreind beint af Vegagerðinni, eða fólki innan hennar, sem lúta að þessum áherslum. Gert er ráð fyrir að svipað fyrirkomulag verði viðhaft þegar lýst verður eftir umsóknum í byrjun næsta árs. En rétt er að taka fram að einnig verða áfram fjárveitingar í verkefni sem ekki heyra beint undir þessi áherslusvið.

Fram hefur komið áður að nú stendur í vegalögum að Vegagerðin skuli veita 1,5% af mörkuðum tekjum til vegamála, í rannsóknir. Gert hefur verið ráð fyrir að þessi lagabókstafur yrði virkur með endurskoðun á 4 ára samgönguáætlun, sem nú stendur yfir, þannig að úr fleiri krónum yrði að spila en áður við úthlutun í febrúar 2009. Það hefur því verið horft með bjartsýni fram til þeirra tíma einkum m.t.t. að undanfarin ár hefur verið sótt um fjárveitingar sem nema tvöfaldri eða þrefaldri þeirri upphæð sem til umráða var. Nú eru hins vegar óvissir tímar og enn ekki ljóst hver útkoman verður. Í samdrætti er hugsanlegt að í áætlunum verði gert ráð fyrir að markaðar tekjur til vegagerðar verði minni en áður og þá myndi það éta upp hluta af þeirri hækkun sem vonast var eftir, í krónum talið, miðað við undanfarin ár. Vonandi falla menn ekki líka í þá gryfju að skera þessar fjárveitingar meira niður, enda ekki síður mikilvægt að stunda rannsóknir á krepputímum en öðrum.

Eins og fyrr segir verða flutt 20 erindi á ráðstefnunni. Einnig var fyrirtækjum boðið uppá að vera með sýningu í forsalnum. Einn aðili, Ísmar, er með sýningu á

landmælingabúnaði. Fleiri aðilar höfðu sýnt áhuga á að vera með sýningu, en af því varð ekki. Í forsalnum hefur Vegagerðin einnig stillt upp rafknúnu hjóli, sem nýlega var keypt með það í huga að kanna hvort nýta mætti það í styttri sendiferðir og þannig minnka bílanotkun. Einnig hangir uppi eitt veggspjald um rannsóknaverkefni í forsalnum.

Í möppunum sem afhentar eru, má finna ágríp flestra erindanna. Ágripin eru prentuð í svart hvítu, en þau verður einnig að finna á vef Vegagerðarinnar í lit að lokinni ráðstefnu, fyrir þá sem vilja skoða þau nánar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að glærur sem fyrirlesarar nota verði settar inn á vefinn.

Upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar G. Pétur Matthíasson stýrir ráðstefnunni.

Slóð á vef Vegagerðarinnar þar sem upplýsingar verður að finna eftir ráðstefnuna er:

[www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)